

Sveitarstjórn Dalabyggðar.

Umhverfis og skipulagsnefnd.

Áskorun um að breyta rétt.

Með bréfi dags. 30. janúar 2020, beindi F.S.D. áskorun til sveitarstjórnar og umhverfis- og skipulagsnefndar. Í bréfinu er fjallað um framkvæmdaleyfi til skógræktar og aðalskipulag á ræktuðu og ræktanlegu landi tengdu landbúnaði. Í bréfinu virðist gefið í skyn hvernig umhverfis og skipulagsnefndin standi í málinu en það sé ekki eins ljóst með sveitarstjórnina.

Ég tel mig knúinn til að leggja orð í belg ef svo ólíklega vildi til að enginn annar gerði það. Mér finnst eins og fólk hafi í ofangreindu bréfi nánast verið að skrifa sjálfu sér hvatningarorð um að stefna sveitarfélagsins verði sú að torvelda skógarbændum að nýta bújarðir sýnar að fullu til framleiðslu. Og þá í leiðinni að gera jarðir með góðu ræktuðu eða ræktanlegu landi ófýsilegar til kaups fyrir mögulega skógarbændur þrátt fyrir að það sé líka viðurkennt að sú búgrein hafi líka hag af góðu ræktuðu eða ræktanlegu landi.

Það getur varla verið að fólk vilji hugsa svona þröngt. Í þessari umræðu hefur marg oft komið fram að skógrækt sé talin til landbúnaðar jafnt á við hinar svokölluðu hefðbundnu greinar. Einnig er talað um að hætta að fjalla um hefðbundnar greinar og svo skógrækt sem aukabúgrein, heldur setja þær undir sama hatt. En þá þarf líka að meina það í verki. Varla getur það talist rétt að meina einni búgrein en ekki öðrum að nýta sína jörð til að mynda ræktað land eða ræktanlegt eins og ábúandi telur sig þurfa til að geta búið vel. Þetta er gert – að því er virðist á áskorun F.S.D. – í þeim eina tilgangi að hinum svo kölluðu hefðbundnu greinum stafi ekki ógn af skógarbændum framtíðarinnar og það þrátt fyrir að eiga ekki einu sinni tilkall til viðkomandi jarða.

Þetta myndi torvelda öllu fólki, sem af ýmsum ástæðum gæti þurft að losa um sínar jarðir t.d. til að selja þær til mögulegrar skógræktar sem þó gæti verið markaður fyrir í náninni framtíð þar sem vonir eru bundnar við slíkan landbúnað á næstu árum. Einnig hefur í samfélaginu oft verið talað um hve gott sé ef börnin vilji og geti tekið við af búum foreldra sinna. Vilja foreldrar í alvöru hefta börnin sín í því að búa nákvæmlega í sömu búgrein og þeir sjálfir? Að mínu viti eiga og mega þeir sem fara með skipulagsvald ekki að geta unnið á þessum nótum. Í mínum huga væri það misbeiting valds. En ef svo væri þá gæti eftirfarandi mögulega gerst:

Kjósum núna allt annað fólk í stjórnir og nefndir.

Í nýrri stefnu sveitarfélagsins um nýtingu lands til landbúnaðar er gert ráð fyrir í nýju aðalskipulagi að á næstu 30 árum verði nær eingöngu eða alveg búið með skógrækt í sveitarfélaginu. Til þess að stuðla að því mun frá og með árinu 2022 ekki verða hægt að fá leyfi fyrir endurvinnslu túna eða nýrri ræktun. Ætti því á einhverju árabili smátt og smátt að draga úr möguleikum á hefðbundnum búskap í það minnsta yrði ekki um fjölgun að ræða.

Umsögn: Er það von okkar að þetta geti orðið til þess að draga úr að ungir og stórhuga bændasynir eða dætur reyni að setjast hér að við hefðbundin búskap. Einnig á þetta við um nýliða sem hafa áhuga á að byrja hefðbundin búskap þar sem ekki yrði ákjósanlegt að kaupa svona jarðir.

Væntingar: Með þessu er vænst til að þetta yrði fyrsta sveitarfélagið með svo háleit markmið ásamt því að erfiðar smalamennskur ættu brátt að heyra sögunni til sem væri mjög mikill ávinningur af. Einnig væri mikilvægur ávinningur af því að hafa á sama stað stóran hóp fólks sem ynni saman að

sömu markmiðum og gætu sameinast um kaup á tækjum sem henta til skógræktar. Og vonandi yrði líka minna um sálgæslu þó er það ekki vitað með vissu.

Stöndum saman (sveitarfélagið hefur ekki á móti hefðbundnum búskap.)

Jæja klikkuð lesning ekki satt? En þó möguleiki ef skipulagsmál eiga að stjórna af svona hvötum eins og lagt er til í áskorun F.S.D. Ég held að við hljótum að sjá hvað varðar þessa flokkun lands til landbúnaðar að við verðum að hafa jafnræði í því óháð hver búgreinin er. Eins munu þessar greinar aldrei lifa af ef þær vinna ekki saman. Því gengur ekki að etja þeim saman á móti hver annari. Að þessu sögðu skora ég enn og aftur á fólk að gera þetta saman og breyta rétt. En yrði það samt svo að umhverfis og skipulags nefnd tæki til greina áskorun F.S.D. þá ber að sjálfsgöðu sveitastjórn ekki skylda til samþykkja þær tillögur óbreyttar. Því mun það verða sveitastjórn sem ber ábyrgð á því í lokin hvort öllum landbúnaðargreinum verði gert kleift að nýta sýn lönd eins og hver grein hefur þörf fyrir, eða ekki.

Bestu kveðjur. Þórarinn Gunnarsson Stóra-skógi II